



## TILLAGA

---

### ***Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 13. apríl 2023: Tillaga fulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um greiningu á efnahagslegum ójöfnuði***

Tillaga um að framkvæma greiningu á efnahagslegum ójöfnuði í Reykjavík. Lagt er til að Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð kalli eftir greiningu á efnahagslegum ójöfnuði í Reykjavík frá viðeigandi sviðum. Staðan verði kortlögð svo hægt sé að sjá hve umfangsmikill ójöfnuðurinn er. Einnig verði greint frá því hvernig Reykjavíkurborg getur stuðlað að meiri jöfnuði.

#### Greinagerð:

Í svari við fyrirspurn Sósíalista um hvort ráðist hafi verið í greiningu sem þessa kom fram að slíkt hafi ekki verið gert. Efnahagslegur ójöfnuður hefur tengsl við margar slæmar félagslegar afleiðingar og viðheldur fátækt að stóru leyti. Fátækt er brot á mannréttindum og fólk sem situr fast í þeim sporum verður fyrir miklum brotum og fordómum vegna þess af hálfu samfélagsins og stofnana. Þess vegna er mikilvægt að borgin fylgist með ójöfnuði og kortleggi stöðuna. Auk þess er nauðsynlegt að borgin geti gripið til aðgerða byggt á gögnum til þess að vinna á því meini sem ójöfnuður er.